

Velferðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.4.2017

Tilvísun: 0.5.0 / Málsnúmer: 2017040138

**Efni: Til umsagnar – tillaga til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022**

Lyfjastofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis til stofnunarinnar, dags. 6. apríl sl. þar sem athygli stofnunarinnar er vakin á tillögu heilbrigðisráðherra til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022 og henni veittur kostur á að koma til velferðarnefndar umsögn um tillöguna.

Lyfjastofnun gerir athugasemd við lið a-lið 2. kafla þingsályktunartillögunnar. Þar segir:

*2. Öryggi, gæði og virkni lyfja og lyfjaþjónustu.*

*a. Embætti landlæknis og Lyfjastofnun fylgist með því að heilbrigðisstofnanir innleiði lyfjagæðavísa til að meta gæði og öryggi lyfjanotkunar.*

Lyfjastofnun telur að þetta sé óskýr framsetning. Stofnanirnar tvær hafa tiltölulega ólíkum hlutverkum að gegna lögum samkvæmt þó svo að auðvitað starfi þær nálægt hvorri annarri sem eftirlitsstofnanir með heilbrigðisþjónustu í landinu. Samkvæmt orðanna hljóðan telur Lyfjastofnun að þegar átt sé við „gæði og öryggi lyfjanotkunar“ í nefndum þætti þingsályktunartillögunnar, þá sé átt við veitingu heilbrigðisþjónustu. Eftirlit með slíku er á valdsviði Embættis landlæknis. Lyfjastofnun telur að betra sé að þessi þáttur sé skýrður nánar svo vilji löggjafans liggi fyrir með ótvíræðum hætti verði þingsályktunartillagan sem hér um ræðir samþykkt.

Lyfjastofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við tillögu heilbrigðisráðherra til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022.

F.h. Lyfjastofnunar,



Sindri Kristjánsson